

YOSCIWEB Fréttabréf 2

Takk fyrir að gerast áskrifandi að fréttabréfi YOSCIWEB, sem færir ykkur fréttir og upplýsingar af framgangi YOSCIWEB verkefnisins.

YOSCIWEB verkefnið miðar að því að greina þá ímynd vísinda sem kemur fram á vefsíðum sem sérhæfa sig í miðlun vísinda, sérstaklega gagnvart ungu fólki. Verkefnið miðar að því að geta boðið upp á leiðbeiningar, hugmyndir, heimildir og yfirlit yfir hvað reynist best við vísindamiðlun á netinu.

YOSCIWEB samstarfshópurinn samanstendur af 7 aðilum frá 7 löndum:

Aðilar	Land
Conseil général de l'Essonne	Frakkland
CIREM Foundation	Spánn
Glasgow Caledonian University	Bretland
YSBF	Eistland
Vísindavefurinn	Ísland
VUA	Holland
Forum DEMOCRIT	Búlgaría

Tafla 1: YOSCIWEB samstarfshópurinn

YOSCIWEB verkefnið er fjármagnað af [7. rannsóknaráætlun Evrópusambandsins](#) og hófst í janúar 2008 og lýkur í desember 2009.



Efnisyfirlit

Áföngum lokið hjá YOSCIWEB	2
Yfirlit yfir rannsóknir	2
Rýnihópar	3
Greining á ímynd vísinda	4
Á döfinni hjá YOSCIWEB	4





Áföngum lokið í YOSCIWEB verkefninu

YOSCIWEB hópurinn hefur tekið saman yfirlit yfir rannsóknir sem gerðar hafa verið og tengjast ungu fólki, miðlun vísinda og netinu (yfirlitsgrein yfir svipaðar rannsóknir). Einnig hefur ímynd vísinda verið greind á völdum vefsíðum og markhópar verið skilgreindir. Þessi verkefni hafa verið megin uppistaðan í 2. hluta YOSCIWEB verkefnisins.

1. YOSCIWEB hópurinn hefur kynnt sér rannsóknir frá aðildarlöndunum sem og alþjóðlegar rannsóknir og tekið saman yfirlit yfir niðurstöðurnar. Þessar upplýsingar gera okkur kleyft að bæta við það sem þegar er vitað og jafnframt að geta greint þau vandamál sem tengjast ímynd vísinda gagnvart ungu fólki.
2. YOSCIWEB hópurinn hefur eftir miklar umræður og vangaveltur ákvarðað hvernig skilgreina skuli þá hópa ungs fólks sem verkefnið mun taka til og hvaða vefsíður verði greindar sérstaklega. Einnig hefur verið gerður greiningarskali til að greina á samræmdan hátt viðhorf til vísinda og vísindamanna, sem og til að greina nánari efni valdra vefsíða.
3. Sem stendur er YOSCIWEB hópurinn að gera nánari greiningu á þeim vefsíðum sem valdar voru í hverju aðildarlandi. Valdar voru þær vefsíður sem þóttu best uppfylla skilyrðin um að vera vinsælar vefsíður sem fjölluðu um vísindi. Nánari greining á vefsíðunum fellur undir 3. hluta verkefnisins.

Við höfum unnið að því að mynda góðan rannsóknargrundvöll innan ramma YOSCIWEB verkefnisins. Hópurinn hefur náð þessu marki með því að gera ítarlegt yfirlit yfir rannsóknir á þessu sviði og með því að setja saman greiningarskala fyrir frekari athuganir.

Yfirlit yfir rannsóknir

YOSCIWEB hópurinn hefur kynnt sér bæði alþjóðlegar rannsóknir og rannsóknir sem gerðar hafa verið í aðildarlöndunum til að draga saman þá þekkingu sem til er um ungt fólk, vísindi og vefsíður.

Flestar rannsóknir hafa komist að þeirri niðurstöðu að almennt hafi nemendur neikvæða afstöðu gagnvart vísindagreinum í skólanum. Vísindaefni utan skólans hefur jákvæðari ímynd, en vísindi innan skólans þykja erfið og hafa enga tengingu við daglegt líf nemenda. Staðalímynd vísindanna virðist vera sérstaklega neikvæð fyrir stelpur og ungt fólk sem kemur úr erfiðu félagslegu umhverfi. Þau virðast almennt ekki standa sig jafn vel – og virðast ekki gera ráð fyrir að standa sig vel - í vísindagreinum.

Hingað til hafa lítið verið rannsökuð áhrif vísindamiðlunar gegnum vefsíður á ungt fólk. YOSCIWEB ætlar sér að fylla upp í þetta tóm. Rannsóknir sem hafa athugað hvaða vefsíður ungt fólk er að skoða benda til þess að yngri börn hafi meiri áhuga á leikjum og öðru skemmtiefni á meðan unglingar virðast leggja aukna áherslu á upplýsingaöflun eftir því sem þau verða eldri. Stelpur hafa meiri áhuga á félagslegum samskiptum en strákar. Vefsíður sem eru skoðaðar í heimahúsum eru yfireitt með léttara efni en þær sem eru notaðar í skólum.

Vefsíður hafa einstaka möguleika til að bæta ímynd vísinda með því að vera gagnvirkar og með því að breyta þeirri staðalímynd vísinda að þau séu flókin og erfið. Hversu notendavænar vefsíður eru virðist vera lykilatriði fyrir síður sem eru einkum hugsaðar fyrir uppfræðslu, á meðan gagnvirkni og útlit virðist vera mikilvægara ef höfða á til yngri notenda.

16-17 ára bandarískum nemum fannst vefsíður vera góðar ef þær:

- miðuðu sérstaklega við þeirra aldurshóp
- voru útlitslega aðlaðandi
- auðveldar í notkun
- gagnvirkar
- veittu upplýsingar sem nýttust við heimalærdóm.

YOSCIWEB verkefnið ætlar að bæta enn frekar við það sem þegar er vitað með því að greina bestu aðferðir og nýjungar við vísindamiðlun til ungs fólks.

Yfirlitið í heild sinni má lesa hér: www.yosciweb.eu/d1.pdf


Rýnihópar

YOSCIWEB hópurinn hefur ákveðið að sá markhópur notenda sem upplifun og álit á vísindavefsíðum verður greint hjá, sé ungt fólk á aldrinum 12-18 ára.

Byggt er á ýmsum félagslegum þáttum við val í hópana - svo sem menntunarstigi, kyni og félagslegri stöðu. Félagsleg staða getur haft mikil áhrif á bæði hvernig netið er notað og hugmyndir nemandans um vísindi. Aldur (menntunarstig) og kyn eru líka mikilvægir þættir þegar greina á hvað það er sem höfðar til ungs fólks á vefsíðum sem miðla vísindum.

Hver aðili mun skoða átta rýnihópa.

Nánari upplýsingar má finna hér: www.yosciweb.eu/d4.pdf



Mynd 1. Algeng ímynd vísindamanna meðal ungs fólks.

Eftirfarandi þættir verða teknir til skoðunar þegar rýnihópar verða valdir fyrir rannsóknina:

Félagsleg staða


- Hærri
- Lægri

Aldur

- 12-14 ára
- 15-18 ára

Kyn

- Stelpur
- Strákar



Greining á ímynd vísinda

YOSCIWEB hópurinn hefur sett saman greiningarskala, sem verður notaður til að mæla og bera saman á samræmdan hátt ímynd vísinda og vísindamanna á mismunandi vefsíðum.

Skalinn fyrir ímynd vísinda inniheldur 11 atriði sem verða tekin til skoðunar og skalinn fyrir ímynd vísindamanna inniheldur 15 atriði. Skalarnir eru byggðir upp á 5-punkta Lickert-skala. Uppbygging skalanna er hnitmiðuð og miðar að því að geta gefið samræmda heildarmynd af mati á ímynd vísinda og vísindamanna meðal aðilanna 7 og hjá rýnihópum í öllum aðildarlöndum.

Nánari upplýsingar má finna á:

www.yosciweb.eu/d5.pdf

Á döfinni hjá YOSCIWEB

YOSCIWEB verkefnið mun nú gera nánari greiningu á þeim vefsíðum sem valdar voru í hverju aðildarlandi. Unnið er að því að útfæra nánar greiningarlykla sem notaðir verða við greiningu vefsíða af aðilum YOSCIWEB annars vegar og rýnihópunum hins vegar.

Þriðja YOSCIWEB fréttabréfið verður gefið ú og sent í tölvupósti til þeirra sem þess óska eftir 4 mánuði – í febrúar 2009.

Við vonum að YOSCIWEB verkefnið geti gefið ykkur mikilvægar og áhugaverðar upplýsingar hvað varðar ímynd vísinda og vísindamanna á vefnum. Í lok verkefnisins munum við kynna fyrir ykkur niðurstöðurnar og draga saman helstu ráðleggingar og bestu aðferðir.

Þangað til bjóðum við ykkur að skoða heimasíðuna okkar: www.yosciweb.eu

